

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2025/1263****2026/EES/24/38****frá 30. júní 2025****um leyfi til að setja á markað ristuð fræ *Dipteryx alata* Vogel (baru) sem hefðbundin matvæli  
frá þriðja landi og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu. Á grundvelli skilgreiningarinnar sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 teljast hefðbundin matvæli frá þriðja landi vera nýfæði.
- 2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(2)</sup>.
- 3) Hinn 16. mars 2023 sendi samvinnufélagið „CoopCerrado – Cooperative Mista de Agricultores Familiares, Extrativistas, Pescadores, Vazanteiros, Assentados e Indigenas do Cerrado“, áður þekkt sem „CoopCerrado – Cooperativa Mista de Agricultores Familiares, Extrativistas, Pescadores, Vazanteiros, Assentados e Guias turísticos do Cerrado“ tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um þá fyrirætlun sína að setja ristuð fræ *Dipteryx alata* Vogel (baru) á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 Umsækjandinn óskaði eftir því að almenningur notaði viðkomandi matvæli sem matvæli í heild sinni (ristuð fræ).
- 4) Tilkynningin er í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Gögnin, sem umsækjandinn lagði fram, sýna einkum fram á að ristuð fræ *Dipteryx alata* Vogel (baru) hafi reynst örugg til notkunar sem matvæli í Brasilíu.
- 5) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynninguna til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 14. september 2023.
- 6) Engin tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi þess að setja viðkomandi matvæli á markað í Sambandinu bárust framkvæmdastjórninni frá aðildarríkjunum eða Matvælaöryggisstofnuninni innan tímabilsins sem er fastsett í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 7) Hinn 7. febrúar 2025 birti Matvælaöryggisstofnunin „Technical Report on the notification of roasted seeds of *Dipteryx alata* Vogel (baru) as a traditional food from a third country pursuant to Article 14 of Regulation (EU) 2015/2283“ <sup>(3)</sup>. Í þeirri skýrslu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirbyggjandi gögn um samsetningu og reynslu vegna umbeðinnar notkunar á ristuðum fræjum *Dipteryx alata* Vogel (baru) skapi ekki öryggisvanda.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/1263, 1.7.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2015/2283/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtið. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2017/2470/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/2470/oj)).

(3) EFSA Supporting publication 2025:EN-9234 <https://doi.org/10.2903/sp.efsa.2025.EN-9234>.

- 8) Því ætti framkvæmdastjórnin að leyfa setningu ristaðra fræja *Dipteryx alata* Vogel (baru) á markað sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði til samræmis við það.
- 9) Færa ætti ristud fræ *Dipteryx alata* Vogel (baru) sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

1. Leyft er að setja ristud fræ *Dipteryx alata* Vogel (baru) á markað innan Sambandsins.

Færa skal ristud fræ *Dipteryx alata* Vogel (baru) sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2025.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

—

VÍÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sérstækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavemd						
„Ristuð fræ <i>Dipteryx alata</i> Vogel (baru) (hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	<table border="1"> <tr> <td><i>Tilgreindur</i></td> <td><i>Hámarksigliði</i></td> </tr> <tr> <td><i>matvælaflökkur</i></td> <td></td> </tr> <tr> <td>Ekki tilgreint</td> <td></td> </tr> </table>	<i>Tilgreindur</i>	<i>Hámarksigliði</i>	<i>matvælaflökkur</i>		Ekki tilgreint		Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „ristaðar hnetur <i>Dipteryx alata</i> “ eða „ristaðar baru-hnetur ( <i>Dipteryx alata</i> )“.		
<i>Tilgreindur</i>	<i>Hámarksigliði</i>									
<i>matvælaflökkur</i>										
Ekki tilgreint										

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Ristuð fræ <i>Dipteryx alata</i> Vogel (baru) (hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	<p><b>Lýsing/Skilgreining:</b>                      Hefðbundnu matvælin samanstanda af heilum ristuðum hnetum (fræjum) <i>Dipteryx alata</i> Vogel [ætt: Fabaceae (alt. Leguminosae)].                      Samheiti: <i>Coumarouna alata</i> (Vogel) Taub.                      Almenn heiti: Baru, bajuró, cumaru, cumarurana og feijáo-coco.</p> <p><b>Dæmigert samsetningarsvið:</b>                      Vatnsvirkni: ≤ 0,5                      Raki (g/100 g): ≤ 5                      Prótein (g/100 g): 20–35                      Aska (g/100 g): ≤ 3,5                      Heildarmagn kolvetnis (g/100 g): 40–50                      Fitu (g/100 g): 20–35</p> <p><b>Þungmálmar:</b>                      Blý: ≤ 0,1 mg/kg                      Arsen: ≤ 0,1 mg/kg                      Kadmíum: ≤ 0,2 mg/kg</p> <p><b>Aðskotafæni úr vinnslu:</b>                      Akrylamíð: ≤ 300 µg/kg</p> <p><b>Sveppaeitur:</b>                      Summa aflatoxíma (B1+B2+G1+G2): &lt; 4 µg/kg                      Aflatoxín B1: &lt; 2 µg/kg</p>

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	<p><b>Örverufræðilegar viðmiðanir:</b> Heildarfjöldi miðsækinna baktería við loftháð skilyrði: ≤ 5 000 cfu/g Ger- &amp; myglusveppir: ≤ 100 cfu/g <i>E. coli</i>: ≤ 10 cfu/g <i>Salmonella</i>: Greinist ekki í 25 g Kólibakteríur: ≤ 100 cfu/g Iðrabakteríur: ≤ 1 000 cfu/g <i>Bacillus cereus</i>: ≤ 100 cfu/g <i>Staphylococcus aureus</i>: ≤ 100 cfu/g Gró súlfitafoxandi clostridia: ≤ 100 cfu/g cfu: þyrpingamyndandi einingar“</p>